



Salvör Nordal
umboðsmaður barna
Borgartúni 7
105 Reykjavík

Dagsetning 19. ágúst 2024
Málsnúmer MRN24070199

Svar við erindi um samræmt námsmat og framkvæmd skólastarfs í grunnskólum

Vísað er til erindis umboðsmanns barna til mennta- og barnamálaráðherra, dags. 23. júlí sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum um samræmt námsmat og skýrslu um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum.

Nánar tiltekið er spurt um áform um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (námsmat), sem kynnt voru í samráðsgátt stjórnvalda, og óskað eftir upplýsingum hvort til staðar sé skýr og heildstæð áætlun um innleiðingu á nýju samræmdu námsmati. Þá er óskað eftir upplýsingum um hvenær áætlað sé að nýtt samræmt námsmat verði innleitt að fullu.

Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla (námsmat) voru þau birt í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-140/2024) til að fá fram sjónarmið inn í stefnumótun um samræmt námsmat. Nánar er fjallað ferla sem tengjast samráði um áform um lagasetningu o.fl. á vefsíðu Stjórnarráðs Íslands: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/log-og-rettur/lagasetning/> Áður hafði farið fram samráð og þátttaka ýmissa hópa í stefnumótun, þ.m.t. barna, og hafði mennta- og barnamálaráðuneytið hér meðal annars í huga umsögn sem umboðsmaður barna sendi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis áður en Alþingi ákvað að afnema tímabundið skyldu til að halda samræmd könnunarpróf, þar sem umboðsmaður lagði áherslu á að tryggja þyrfti aðgengi barna að leiðum til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sérstaklega hvað varðar málefni er snúa með beinum hætti að þeim líkt og gildi um samræmt námsmat.

Við birtingu áforma um lagasetningu í samráðsgátt höfðu þau eðli máls samkvæmt ekki verið útfærð að öllu leyti enda verkefnið enn á samráðsstigi. Eftir úrvinnslu ábendinga vegna áforma hefur mennta- og barnamálaráðuneytið mótað frumvarpsdrög sem hafa nú verið kynnt til umsagna í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-156/2024). Samhliða hefur verið unnið að drögum að tímalínu og innleiðingaráætlun sem eru ætluð til umræðu og samráðs. Í því sambandi er þó lögð áhersla á að Alþingi fer með lagasetningarvaldið og endanleg útfærsla verkefnis, sem krefst lagabreytinga, liggur ekki fyrir fyrr en Alþingi hefur lokið umfjöllun um það.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir gróf áætlun fyrir innleiðingu skyldubundins samræmnds námsmats. Megindrættir áætlunarinnar eru að skólaárið 2025/2026 verði skyldubundið samræmt námsmat haldið fyrir 4., 6. og 9. bekk í íslensku (lesskilningi) og stærðfræði. Fyrsta árið er gert ráð fyrir stuðningi ráðuneytisins við innleiðingu og að metin verði þörf fyrir svigrúm og útfærslur á fyrsta ári framkvæmdar. Enn sendur yfir samráð um þætti sem þurfa að liggja fyrir svo unnt sé að ganga frá ítarlegri áætlun. Þegar Alþingi hefur lokið umfjöllun sinni um málið verður lögð lokahönd á innleiðingaráætlun fyrir fyrstu ár nýs skyldubundins samræmnds námsmats enda skiptir fyrirsjáanleiki miklu máli fyrir börn, fjölskyldur og allt skipulag skólastarfs.

Ráðuneytið leggur þó áherslu á að litið er á þróun matstækja innan svonefnds Matsferils, þ.m.t. skyldubundins samræmds námsmats, sem sífelluverkefni sem verði að þróa og endurmeta reglulega.

Í erindi umboðsmanns barna er jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvenær skýrsla um framkvæmd skólahalds í grunnskólum verði lögð fyrir Alþingi. Mennta- og barnamálaráðherra hyggst leggja fram skýrslu um framkvæmd skólahalds í grunnskólum við upphaf 155. löggjafarþings í september.

Vegna umfjöllunar í erindi umboðsmanns barna um áhrif sóttvarnarráðstafana í heimsfaraldir kórónuveiru á skólastarf telur ráðuneytið rétt að benda á að lokum að í skýrslu um niðurstöður PISA rannsóknarinnar árið 2022, sem var birt í desember 2023, er nokkuð fjallað um áhrif heimsfaraldurs á skólastarf hér á landi: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/12/05/Nidurstodur-PISA-2022/>

F.h. ráðherra



Erna Kristín Blöndal

F.h. ráðherra



Anna Tryggvadóttir